

Ingvar Sigurgeirsson

Valhúsaskóli á Seltjarnarnesi
Viðbrögð skólans við
mati á skólastarfinu 1999-2000

Skýrsla tekin saman fyrir
skólanefnd Seltjarnarnesbæjar

Nóvember 2001

Inngangur

Haustið 2001 varð að samkomulagi milli þessa ritar og skólayfirvalda á Sel-tjarnarnesi að hann tæki að sér þrjúþætt verkefni fyrir Valhúsaskóla. **Í fyrsta lagi** að kanna hvernig skólastarfinu hefði miðað frá því að starfið þar var metið skólaárið 1999-2000 (sjá Ingvar Sigurgeirsson 2000). **Í öðru lagi** að aðstoða starfslið skólans við að hrinda í framkvæmd umbótaáætlun, þar sem m.a. væri tekið mið af niðurstöðum fyrrnefnds matsverkefnis. **Í þriðja lagi** að veita ráðgjöf um viðbrögð við væntanlegri úttekt menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum Valhúsaskóla.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framkvæmd þessara verkefna.

1. Athugun á þróun skólastarfsins

Athugunin var gerð með þeim hætti að heildarniðurstöður matsins frá skólaárinu 1999-2000 voru lagðar fram á fundum með starfsliði skólans og það spurt áhlits á því hvernig miðað hefði í starfinu í einstökum atriðum. Fundir með nýju starfsfólki voru þó með öðru sniði og var þeim hagað þannig að fyrst var spurt um jákvæða þætti í skólastarfinu, þá um það sem betur mætti fara, og loks um önnur atriði. Alls voru haldnir fimm formlegir fundir, auk þess sem rætt var við nokkra starfsmenn óformlega. Góður andi ríkti á fundunum og varð ekki annað ráðið en að starfsmenn hafi tjáð sig óhikað um málin. Fundarmönnum var boðið að hafa samband við skýrsluhöfund utan fundar en fáir nýttu sér það.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður

Fyrst er yfirlit sem um sterkar hliðar í starfi skólans að mati starfsfólks og skýrsluhöfundar 1999-2000 og nú.

Sterkar hliðar – þá og nú

<i>Niðurstöður matsins 1999-2000</i>	<i>Staðan nú</i>
Almenn atriði:	
<ul style="list-style-type: none"> • Þegar á heildina er litið hefur Valhúsaskóli á að skipa mjög hæfu starfsfólki. Gildir það bæði um kennara og aðra starfsmenn. 	<ul style="list-style-type: none"> • Það er samdóma álit starfsliðsins að skólinn hafi á að skipa mjög hæfu starfsliði. Almenn skoðun þess er sú að nýir starfsmenn hafi enn styrkt hópinn.
<ul style="list-style-type: none"> • Meirihluti foreldra, nemenda og starfsmanna telur skólann góðan. 	<ul style="list-style-type: none"> • Viðhorf foreldra og nemenda voru ekki könnuð, en skoðun starfsliðs er sú að foreldrar séu almennt mjög jákvæðir í garð skólans.

Kennsla:	
<ul style="list-style-type: none"> • Kennsla í mörgum greinum er faglega sterk. Má þar nefna íþróttir, dönsku, íslensku, myndmennt og að hluta til stærðfræði. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kennslan er góð í þessum greinum. Það er skoðun starfsliðs að listi yfir þær námsgreinar sem kenndar eru á faglegan hátt myndi lengjast ef mat á því færi fram nú.
<ul style="list-style-type: none"> • Árangur nemenda á samræmdum prófum í 10. bekk hefur verið ágætur og sérstaklega góður í íslensku. 	<ul style="list-style-type: none"> • Niðurstöður samræmdra prófa á síðasta ári voru góðar.
<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur bera yfirleitt virðingu fyrir flestum kennurum sínum og meta þá mikils. 	<ul style="list-style-type: none"> • Viðhorf nemenda voru ekki könnuð að þessu sinni. Mat þeirra kennara sem lengi hafa starfað við skólann er að þessi viðhorf séu í góðu lagi en yngri fólknið hefur margt nokkrar áhyggjur af þessu.
<ul style="list-style-type: none"> • Ágæt sátt er meðal kennara og foreldra um fyrirkomulag prófa og annars námsmats. 	<ul style="list-style-type: none"> • Viðhorf til námsmats voru ekki könnuð.
Agi og skólabragur:	
<ul style="list-style-type: none"> • Í samanburði við aðra skóla er agi og bragur í Valhúsaskóla ágætur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þessar niðurstöður matsins frá 1999-2000 voru byggðar á athugunum skýrsluhöfundar. Starfsfólkið telur að agi og bragur sé nú betri en þegar matið var framkvæmt. Meirihluti starfsliðs telur að bragur í skólanum sé með besta móti á þessu ári. Hluti yngri starfsmanna telur talsvert vanta á að agi sé nógu mikill.
Samstarf heimila og skóla:	
<ul style="list-style-type: none"> • Ágæt sátt er um foreldrasamstarf sem hefur verið að aukast og eflast á undanförunum árum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Mat starfsmanna er að samstarf við foreldra sé gott. Ekki verður þó séð að á þessu sviði hafi verið stigin afmörkuð framfaraskref.
Starfsandi:	
<ul style="list-style-type: none"> • Meirihluti starfsliðs telur starfsanda innan skólans mjög góðan. 	<ul style="list-style-type: none"> • Starfsfólk telur starfsanda nú enn betri en hann var 1999-2000. Skýrsluhöfundur getur staðfest að mun léttara andrúmsloft ríkir í skólanum en þá var og er á því áberandi munur. Sérstaklega er til þess tekið hve unga fólknið í hópi starfsmanna bar mikið lof á starfsanda.

Aðstaða:	
<ul style="list-style-type: none"> • Skólinn er um margt vel búinn kennslutækjum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skólinn er nú enn betur búinn kennslutækjum en hann var 1999-2000. Einkum hefur tölvukostur batnað.
<ul style="list-style-type: none"> • Skólinn státar af rúmgóðu og vel reknu skólasafni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skólinn getur enn státað af faglega, vel reknu safni. Búnaður hefur þó ekki verið endurnýjaður og stendur safnið að því leyti verr en fyrir tveimur árum. Áríðandi er að bæta úr þessu enda er umgjörð safnsins og staðsetning með þeim hætti að til fyrirmyndar gæti verið.
<ul style="list-style-type: none"> • Flestir kennarar eru sáttir við vinnuaðstöðu sína. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þar sem starfsfólki hefur fjölgað mikið hefur orðið sú breyting að vinnuaðstöðu hefur farið mikið aftur og er eitt brýnasta úrlausnar-efni skólans að bæta hana.
Stjórnun:	
<ul style="list-style-type: none"> • Faglegur áhugi og metnaður stjórnenda er mikill. 	<ul style="list-style-type: none"> • Stjórnun skólans hefur eflst frá því að matsskýrslu var skilað.
<ul style="list-style-type: none"> • Starfslið er ánægt með samskipti við stjórnendur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Í viðtölum kom fram sérstök ánægja starfsliðs með persónulega og faglega fyrirgreiðslu stjórnenda.
<ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar foreldra í foreldraráði og stjórn foreldrafélags telja sig hafa átt mjög gott samstarf við skólastjórnendur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þetta var ekki metið nú.
<ul style="list-style-type: none"> • Aðstoðarskólastjóri þykir leysa viðfangsefni sín sérstaklega vel. 	<ul style="list-style-type: none"> • Á þessu hefur ekki orðið breyting.
Sérfræðipjónusta:	
<ul style="list-style-type: none"> • Vel er staðið að námsráðgjöf og starfsfræðslu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þessi þáttur skólastarfsins hefur verið efldur enn frekar með því að ráða námsráðgjafa í fullt starf. Mikil ánægja kom fram með störf hans.

Önnur atriði:	
<ul style="list-style-type: none"> Félagslíf skólans er öflugt og vel að því staðið. 	<ul style="list-style-type: none"> Starfsfólk telur félagslíf nemenda í góðu lagi, en þar sem viðhorf nemenda voru ekki könnuð er ekki unnt að dæma um það frekar.
<ul style="list-style-type: none"> Rekstur mötuneytis er til sérstakrar fyrirmyndar og viðhorf til þeirrar starfsemi afar jákvæð. 	<ul style="list-style-type: none"> Mjög mikil ánægja er sem fyrr með mötuneytið og virðist sá rekstur um flest til mikillar fyrirmyndar, og er raunar einstakur sé miðað við hann samanburð sem skýrsluhöfundur hefur úr öðrum matsverkefnum.
<ul style="list-style-type: none"> Mikil ánægja er með störf húsvarðar. 	<ul style="list-style-type: none"> Húsverði var mjög hrósað í viðtölum við starfsfólk.
<ul style="list-style-type: none"> Gangavörðum er hrósað fyrir góða vinnu við erfiðar aðstæður. 	<ul style="list-style-type: none"> Það er samdóma álit starfsfólks að gangaverðir skili vinnu sinni með sóma, þótt þeir séu fáliðaðir. Gangavörðum var einnig hrósað fyrir samstarf og framkomu.
<ul style="list-style-type: none"> Ánægja er með störf hjúkrunarfræðings. 	<ul style="list-style-type: none"> Ekki var að þessu sinni spurt mati á starfi hjúkrunarfræðings.
<ul style="list-style-type: none"> Vel er tekið á móti nýjum kennurum. 	<ul style="list-style-type: none"> Nýir kennarar höfðu afar jákvæð orð um þær móttökur sem þeir höfðu hlotið og lofuðu starfsliðið fyrir jákvætt viðmót og stuðning.

Atriði sem þörfnuðust athugunar 1999-2000 og staða þeirra nú:

<i>Niðurstöður matsins 1999-2000</i>	<i>Staðan nú</i>
Kennslan:	
<ul style="list-style-type: none"> Auka þarf fjölbreytni í kennslu-háttum, einkum kennsluáðferðum sem líklegar eru til að auka virka þátttöku nemenda. 	<ul style="list-style-type: none"> Ekki verður séð að mikil breyting hafi orðið í þessu efni þó nefnd hafi verið ýmis viðleitni í þá átt. Nefna má tilurð stýrihópa sem eru að hefja störf um þessar mundir, og munu m.a. fjalla um aðferðir til að auka metnað nemenda og aukna tilbreytingu í skólalífinu.
<ul style="list-style-type: none"> Efla þarf samstarf kennara þvert á greinar. 	<ul style="list-style-type: none"> Þetta er enn veikur hlekkur í skólastarfinu, einkum hvað varðar þær námsgreinar sem hvað fæsta tíma hafa á stundaskrá.

<ul style="list-style-type: none"> • Kennarar telja að of lítil tími gefist til að sinna starfi umsjónar-kennara. Margir umsjónar-kennarar kenna lítið í þeim bekkjardeildum sem þeir hafa umsjón með. Áriðandi er að styrkja umsjónarkennara í starfi. Æskilegt er að þeir kenni að lágmarki fimm til sex kennslustundir í bekkjum sínum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þessi þáttur hefur batnað. Séð er til þess að umsjónarkennari fái að lágmarki fimm stundir í sínum bekk.
<ul style="list-style-type: none"> • Gera þarf átak í því skyni að nýta tölvu- og upplýsingatækni markvisst í kennslu í skólanum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Tölvukennsla við skólann hefur verið byggð upp með markvissum hætti, enda þótt talsvert sé í land að ýmsar námsgreinar geti fært sér hana í nyt. Til þess að svo megi verða vantar meiri tölvubúnað.
<ul style="list-style-type: none"> • Tónmennt er ekki kennd í skólanum og söngur og tónlist þarf að skipa þar stærri sess en nú er. 	<ul style="list-style-type: none"> • Tónmennt er enn ekki kennd við skólann en hugmyndir hafa komið fram um að bjóða hana sem valgrein.
<ul style="list-style-type: none"> • Stuttar frímínútur hafa mjög truflandi áhrif á kennslu og skólabrag. Mælt er með því að frímínútur verði helst ekki styttri en tíu mínútur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Stystu frímínútur hafa verið lengdar úr þremur í fimm mínútur. Fyrri tillaga skýrsluhöfundar stendur og taka margir í starfsliði undir nauðsyn þess að hún komist í framkvæmd.
<ul style="list-style-type: none"> • Leita þarf leiða til að nýta þá sérstöðu skólans að hafa aðgang að góðri aðstöðu til stjórnskoðunar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Arkitekt vinnur að tillögum um bætt aðgengi að umræddri aðstöðu.
<p>Nemendur:</p>	
<ul style="list-style-type: none"> • Nokkuð virðist skorta á námsáhuga. Einkum eru drengir áhugalitlir um námið. Viðhorf nemenda til nokkurra námsgreina eru of neikvæð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Viðhorf nemenda voru ekki könnuð beint en starfslið skólans telur að skortur á námsáhuga sé enn einn helsti vandi skólans.
<ul style="list-style-type: none"> • Niðurstöður benda til þess að kennarar mættu oftár hrósa nemendum sem standa sig vel í náminu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þetta var ekki kannað en nokkrir úr starfsliðinu töldu að oftár mætti hrósa nemendum.
<ul style="list-style-type: none"> • Meirihluti starfsliðs telur að ekki takist nægilega vel að koma til móts við nemendur með mikla námshæfileika. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þetta er enn ríkjandi skoðun.

<ul style="list-style-type: none"> Nokkur hópur nemenda er starfsmönnum mjög erfiður. Þessi hópur er ekki stór en engu að síður er brýnt að ákveðið verði tekið á vanda hans. 	<ul style="list-style-type: none"> Fækkað hefur í þessum hópi miðað við það sem var 1999-2000.
Starfsandi:	
<ul style="list-style-type: none"> Leita þarf leiða til að skapa sterkari liðsheild innan skólans. 	<ul style="list-style-type: none"> Þessi þáttur virðist hafa þróast mjög í rétta átt.
Stjórnun:	
<ul style="list-style-type: none"> Ekki er nægileg ánægja með nokkur atriði í störfum skólastjóra. Lagt er til að skólastjóri beiti sér markvissar sem stjórnandi en verið hefur. Betur þarf að fylgja eftir ákvörðunum. Skólastjóri þarf að vera sýnilegur í daglegu starfi. Mælt er með því að hann myndi markviss tengsl við nemendur. 	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnun skólans hefur styrkst með margvíslegum hætti og var það nánast samdóma álit starfsfólks. Það er þó enn skoðun margra starfsmanna að skólastjóri mætti vera sýnilegri. Þá var það ríkjandi skoðun að kostur væri ef hlutverkaskipting hinna þriggja stjórnenda væri skarpari.
<ul style="list-style-type: none"> Ekki er nægileg sátt um undirbúning og framkvæmd kennarafunda. Mælt er með því að kennarafundum verði fækkað um helming (m.a. til að skapa svigrúm til aukins samstarfs kennara), þeir verði undirbúnir með góðum fyrirvara og fundarsköp notuð við framkvæmd þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> Farið hefur verið eftir þessum tillögum og er yfirleitt ánægja með framkvæmd kennarafunda. Frá því eru þó undantekningar og nokkrir gagnrýndu að fundir væru of seint boðaðir.
<ul style="list-style-type: none"> Áríðandi er að starfsfólk og nemendur fái nauðsynlega hvatningu í starfi. 	<ul style="list-style-type: none"> Þessi þáttur var ekki kannaður sérstaklega að þessu sinni.
<ul style="list-style-type: none"> Fara þarf í saumana á þeirri gagnrýni starfsfólks að boðleiðir séu ógreiðar og leita leiða til lausna. 	<ul style="list-style-type: none"> Á þessu hafa verið gerðar nauðsynlegar úrbætur.
Sérkennsla og ráðgjafarþjónusta:	
<ul style="list-style-type: none"> Ágreiningur er um framkvæmd sérkennslu við skólann. Þann ágreining þarf að leysa og skapa samstöðu um áherslur. 	<ul style="list-style-type: none"> Á þessu hefur orðið sú breyting að ánægja virðist vera með sérkennsluna og þá stefnu sem hún hefur tekið.
<ul style="list-style-type: none"> Óánægja er með þjónustu sálfræðings og brýnt að hann og starfsliðið fari vel yfir þau mál. Starfssvið sálfræðings þarf að skýra mun betur. 	<ul style="list-style-type: none"> Mikil ánægja kom fram með störf sálfræðings.
<ul style="list-style-type: none"> Huga þarf að gagnrýni kennara á störf nemendaverndarráðs. 	<ul style="list-style-type: none"> Að þessu hefur verið unnið.

Aðstaða og umhverfi:	
<ul style="list-style-type: none"> • Koma þarf upp vel búinni raungreinastofu við skólann. 	<ul style="list-style-type: none"> • Að þessu er unnið og verður ný raungreinastofa í nýbyggingu skólans.
<ul style="list-style-type: none"> • Áriðandi er að hraðað verði endurnýjun húsgagna í kennslustofum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Endurnýjun húsgagna hefur verið hraðað og hefur hér á orðið mikil breyting. Þá hefur sveigjanlegum innréttingum verið komið fyrir í mörgum stofum og eru þær til prýði.
<ul style="list-style-type: none"> • Áherslu þarf að leggja á að fegra skólann og gera hann hlýlegri. Einkum er mikilvægt að breyta umhverfi í almennum skólastofum til hins betra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Veruleg breyting hefur orðið í þeim stofum þar sem búnaður hefur verið endurnýjaður. Hins vegar vantar enn talsvert á að verk nemenda fái að njóta sín í mörgum skólastofum og á göngum skólans. Undantekning á þessu til fyrirmyndar eru mynd- og handmenntastofur.
<ul style="list-style-type: none"> • Búnaður á skólasafni þarfnast endurnýjunar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Afar brýnt er að endurnýja búnað á skólasafni.
<ul style="list-style-type: none"> • Skapa þarf viðunandi aðstöðu til tölvukennslu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Í þessu efni hefur miðað mjög áleiðis, þó enn vanti talsvert á að tölvu- og upplýsingatækni sé orðinn eðlilegur þáttur í kennslu hinna ýmsu námsgreina. Þá var kvartað yfir gömlum tölvubúnaði sem nýttist ekki eða illa.
<ul style="list-style-type: none"> • Koma þarf upp aðstöðu til trúnaðarsamtala. 	<ul style="list-style-type: none"> • Úr þessu hefur verið bætt að nokkru leyti með uppsetningu viðtalsherbergja, en kvartað var yfir ónógri hljóðeinangrun í þeim. Unnið er að úrbótum.
<ul style="list-style-type: none"> • Bæta þarf salernisaðstöðu kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> • Aðstöðunni er enn verulega ábótavant og var áhersla lögð á að hún yrði bætt.
Samstarf heimila og skóla:	
<ul style="list-style-type: none"> • Leggja þarf áherslu á að kynna skólastarfið vel fyrir foreldrum. Nefna má kynningar í bæjarblaði, sýningar, fréttabréf og önnur kynningargögn. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hér hefur talsvert áunnist, einkum með nýrri og vandaðri heimasíðu. Þá er unnið að undirbúningi fréttabréfs.
<ul style="list-style-type: none"> • Æskilegt er að skólinn komi sér sem fyrst upp aðgengilegri heimasíðu á Netinu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skólinn státar nú af glæsilegri heimasíðu, sem stenst samanburð við það besta sem sést.
<ul style="list-style-type: none"> • Enda þótt sátt sé í skólanum um samstarf við foreldra er ástæða til að efla það enn frekar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þessi niðurstaða er enn í fullu gildi.

Önnur atriði:	
<ul style="list-style-type: none"> Huga þarf að vísbendingum um einelti og gera ráðstafanir til að eyða því. Betur þarf að huga að forvörnum í þeim efnum. 	<ul style="list-style-type: none"> Þessi þáttur var ekki kannaður til hlítar, en að mati starfsfólks eru þessi mál í betra horfi nú en var fyrir tveimur árum.
<ul style="list-style-type: none"> Efla þarf gæslu á göngum skólans seinni hluta daga. 	<ul style="list-style-type: none"> Gangavarsla gengur vel í skólanum, en þó vantar mannskap, þar sem ekki hefur tekist að ráða í allar stöður.
<ul style="list-style-type: none"> Lagt er til að skoðað verði hvort ástæða sé til að auka samstarf skólanna á Seltjarnarnesi til muna. 	<ul style="list-style-type: none"> Að þessu hefur ekkert verið hugað.
<ul style="list-style-type: none"> Efla þarf traust milli starfsfólks skólans og skólanefndar. 	<ul style="list-style-type: none"> Ekki varð séð að þokast hefði í rétta átt í þessu efni að öðru leyti en því að gerður var góður rómur að sameiginlegri samkomu skólanefndar og starfsliðs nýverið.
<ul style="list-style-type: none"> Kannað verði hvort heppilegt sé að sameina skólana á Seltjarnarnesi undir eina stjórn. 	<ul style="list-style-type: none"> Þessi ábending tengist ekki þeirri úttekt sem nú var gerð.

Við mat á niðurstöðum verður að hafa í huga að sú breyting hefur orðið á starfi skólans að hann þjónar nú nemendum í 7.-10. bekk, en þjónaði áður 8.-10. bekk. Það er eindregin skoðun allra sem um það voru spurðir að þessi breyting hefði mjög styrkt skólann og gert hann að skemmtilegri vinnustað. Um þessa breytingu var t.d. sagt: „kom á óvart ... þau eru skemmtileg ... skapar tilbreytni ... þau eru áhugasöm ... gaman að kenna þeim ... góð breyting“. Nokkrir sem höfðu verið á móti breytingunni tóku sérstaklega fram að þeir hefðu skipt um skoðun.

Yfirlitið sýnir að skólinn hefur eflst á mörgum sviðum frá því að úttektin var gerð 1999-2000. Aðstaða öll hefur batnað til mikilla muna. Mest munar þar um gjörbreytta aðstöðu til kennslu handmennta, ný skólahúsgögn í mörgum stofum og nýjan tölvukost og aðra uppbyggingu á því sviði. Við þessa upptalningu má bæta endurbótum á skólalóð sem eru verulegar, uppsetningu á símkerfi og viðtalsherbergi fyrir kennara. Einnig hafa verið keypt kortahengi í flestar stofur. Þá ber að hafa í huga að unnið er að viðbyggingu við skólann og mun hún enn bæta aðstöðu við skólann, m.a. til tölvu- og náttúrufræðikennslu.

Eftirfarandi aðstöðu er enn ábótavant: Húsbúnaður í nokkrum stofum er óviðunandi, aðstaða til bóknámskennslu í heimilisfræði er slæm og búnaður á bókasafni þarfnast endurnýjunar. Þá er vinnuaðstaða kennara með öllu ófullnægjandi og var það helsta kvörtun kennara. Einnig er mikil óánægja með salernisaðstöðu starfsliðs („til skammar“). Þá leggja kennarar mikla áherslu á að fá læstar hirslur. Loks var bent á að félagsaðstaða nemenda væri ófullnægjandi og að hún hefði í raun versnað frá því að úttektin 1999-2000 var gerð.

Í skólanum hafa skapast vandamál vegna of stórra námshópa sem áriðandi er að bregðast við. Bóknámsstofur eru litlar sem gerir kennslu stórra námshópa sérstaklega

erfiða. Þá skapa stórar bekkjardeildir vandamál af sama toga í kennslu list- og verkgreina, þ.e. vegna þrengsla.

Stjórnun skólans hefur styrkst verulega og lá starfsliði mjög gott orð til stjórnenda: „vel haldið um hlutina“, „frábært að leita til þeirra“. Enn eru þó gerðar athugasemdir um að æskilegt sé að skólastjóri sé nemendum og kennurum sýnilegri í daglegu starfi og áréttað skal mikilvægi þess að stjórnendur geri starfsliði grein fyrir því hvernig þeir haga verkaskiptingu sinni. Varðandi sýnileika skólastjóra og samband hans við nemendur skal aftur dregin fram hugmynd sem sett var fram í skýrslu um matið 1999-2000 um reglulegar samkomur á sal þar sem skólastjóri talar til nemenda og þeir leggja sitt af mörkum með listflutningi, verkefnaskilum eða öðru uppbyggilegu framlagi.

Starfsandi í skólanum er mjög góður og var til þess tekið hve nýir starfsmenn voru ánægðir með þær móttökur sem þeir höfðu hlotið og hve jákvæðir stjórnendur og eldri starfsmenn væru í þeirra garð. Nýir starfsmenn lögðu áherslu á að öll vinna í skólanum væri fagleg og vönduð. Notuð voru orð eins og „frábær vinnustaður“, „frábært samstarfsfólk“, „einstakt andrúmsloft“, „einstakir stjórnendur“.

Viðhorf til sérkennslu eru nú mjög jákvæð og ánægja með það starf allt. Nefnt var að heppilegt væri að hafa deildarstjórn yfir sérkennslunni.

Ekki virðist hafa orðið mikil þróun í kennsluháttum á þeim tíma sem liðinn er frá því að úttektin 1999-2000 var gerð. Þó er rétt að nefna að tveir hópar kennara eru nú að hefja vinnu við áætlanir um að efla metnað nemenda og auka tilbreytingu í skólastarfinu. Starf þessara hópa er afar mikilvægt. Vegna þessarar vinnu skal þeirri ábendingu sérstaklega komið á framfæri að stundaskrá sé skipulögð þannig að námsgreinar fái einhverja samliggjandi tíma svo unnt sé að skipuleggja viðameiri verkefni.

Eins og sjá má á þessu yfirliti hefur starfslið skólans og fræðsluyfirvöld á Seltjarnarnesi í flestu brugðist markvisst við þeim ábendingum sem gerðar voru í matsskýrslunni um úttektina 1999-2000. Sá sem þetta ritar verður að viðurkenna að hann undraðist hversu myndarlega hefur verið tekið á mörgum málum og hve þróun starfsins hefur verið jákvæð. Mikils er því að vænta af skólanum.

2. Umbótaáætlun skólans

Sett hefur verið af stað starf í skólanum sem kennt er við stýrihópa (sjá Umbóta- og þróunaráætlun Valhúsaskóla, haust 2001). Starf þeirra byggist á vinnu sjö hópa og fást þeir við eftirfarandi viðfangsefni:

1. Aukinn metnað nemenda, námsáhuga
2. Eineltismál, líðan nemenda
3. Endurmenntunaráætlun
4. Ritstjórn fréttabréfs
5. Sjálfsmat skóla, Skólarýnir
6. Skólanámskrá
7. Tilbreytingu í skólalífinu

Skólastjóri hefur tekið saman minnisblað um þessa vinnu þar sem hann setur fram hugmyndir um afmörkun þessara viðfangsefna (sjá Umbóta- og þróunaráætlun Valhúsaskóla, haust 2001). Viðfangsefni þessu eru öll vel afmörkuð og brýn. Á fyrrnefndu minnisblaði eru þau vel tengd við niðurstöður matskýrslunnar 1999-2000 sem er vitaskuld jákvætt. Skýrsluhöfundur hefur veitt skólastjóra ráðgjöf um þessa þróunarvinnu og hvernig henni verði best fram haldið.

3. Úttekt á sjálfsmatsaðferðum

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að fram fari formleg úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Valhúsaskóli lenti nú í haust í slíku úrtaki og er verkefnið hafið. Skýrsluhöfundur hefur verið skólastjóra ráðgefandi um samantekt gagna með hliðsjón af úttektinni.

Tilvísanir:

Ingvar Sigurgeirsson. 2000. *Mat á starfi Valhúsaskóla skólaárið 1999-2000*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Umbóta- og þróunaráætlun Valhúsaskóla, haust 2001.